



Starfsáætlun 2024-2025

Leikskólinn Holt



Leikskólinn Holt Stapagötu, 260 Reykjanesbær sími: 4203175



Starfsáætlun leikskólans Holts í Reykjaneshbæ 2024 - 2025

**Starfsáætlun 2024 - 2025
Leikskólinn Holt
Stapagata 10
260 Reykjaneshbæ**

Reykjaneshbær, 31. ágúst 2024

Inngangur

Í þessari starfsáætlun leikskólans Holts má sjá útfærslu á stefnu skólans (sjá: [Um Holt \(leiks-kolinn-holt.net\)](#)) og þau verkefni sem áætlað er að framkvæma á skólaárinu 2024-2025. Hún byggir á innra mati skólans og þeim þróunar- og nýsköpunarverkefnum sem ráðgert er að framkvæma. Það er von okkar að starfsáætlunin varpi ljósi á áherslur í starfi leikskólans næsta skólaár, styðji við faglegt starf og veiti þær upplýsingar sem henni er ætlað.

Nú síðasta mars hófu 23 börn dvöl í leikskólanum Holti, 14 börn á yngstu deildinni okkar þúfu og níu börn á öðrum deildum skólans. Við fórum af stað inn í skólaárið með fullmannaðan skóla og afar bjartsýn á að starfsemin gangi vel og faglegt starfs blómstri börnunum ykkur til góða. Hér á Holti erum við vel stödd hvað varðar faglegt starfsfólk og starfsreynslu ásamt því að teymín á hverri deild eru nú þegar búin að stilla saman strengi og útfæra dagskipulag.

Þema

Við höldum áfram að leggja áherslu á að vinna og efla starfsaðferðir leikskólans með því að starfa í anda Reggio Emilia, ásamt áframhaldandi vinnu með „leikgleði í gegn um sögur og söng“. Ákveðið var að halda því verkefni áfram sem aðal viðfangsefnið vetrarins, en leikskólar Reykjanesbæjar ásamt bókasafns fengu styrk úr Sprotasjóði til að vinna sameiginlega að verkefninu í fyrra. Markmið verkefnisins er því áfram að styrkja hugtakaskilning, orðaforða, hlustunarskilning og frásagnahæfni barnanna. Þá er markmið að efla enn frekar faglegt starf með örnmáskelðum fyrir starfsfólk sem Systa mun sinna og fá fleiri með sér í lið. Leikskólinn hefur fengið ótal viðurkenningar fyrir erlend samstarfsverkefni á sviði mennta, æskulýðs- og umhverfismála og er dæmi um leikskóla sem hefur notað eTwinning og græna kennslu saman með góðum árangri. Afrakstur fyrri verkefna má sjá á heimasíðu leikskólans. Það er hugur í okkur að halda áfram á sömu braut og stefnum á E-Twinning og/eða Erasmus+ samstarfsverkefni á næstunni og þá í samstarfi við aðra UNESCO skóla í heiminum.

Farsæld barna

Þann 1. janúar 2022 tók í gildi ný löggjöf um samþættingu í þágu barna eða svokölluðu farsældarlög. Farsæld barna felur í sér að tryggja aðstæður sem skapa barni skilyrði til að ná líkamlegum, sálrænum, vitsmunalegum, siðferðilegum og félagslegum þroska og heilsu á eigin forsendum til framtíðar samkvæmt nýrri löggjöf um samþættingu í þágu farsæld barna. Ingibjörg Guðmundsdóttir (Imba) sótti sér séermenntun í faginu og lauk viðbótardiplómu í farsæld barna frá HÍ nú í vor og mun vera tengiliður skólans við Reykjanesbæ og aðra sem að málefnum barnanna koma.

Námsleiðin

Leik barna er stöðugt gert hátt undir höfði hér á Holti enda leikurinn megin námsleið barna, gleðigjafi, veitir vellíðan og er kjarninn í uppeldisstarfi barna í leikskóla. Breytingar á aðal-námskrá leikskóla verða áfram innleiddar á skólaárinu en breytingin tók gildi 1.september

Starfsáætlun leikskólans Holts í Reykjanessbæ 2024 - 2025

2023. Breytingarnar skýra nánar hlutverk leiksins sem námsleið leikskólans og hvernig meta megi með reglubundnum hætti, og með virkni þátttöku barna, viðhorf, líðan og stöðu þeirra. Á Holt er stuðst við uppeldisfræðilegar skráningar þar sem ferli og framlag barnanna er metið við hin ýmsu verkefni og athafnir. Nánar má lesa um leikinn og uppeldisfræðilega skráningu í vefútgáfu skólanámskrár [Skólanámskráin \(leikskolinn-holt.net\)](http://Skólanámskráin (leikskolinn-holt.net)) og í vefbókinni handbók um leik barna í leikskólum [Handbók um leikinn \(mms.is\)](http://Handbók um leikinn (mms.is)).

Skólaárið 2023 -24

Síðasta skólaár var þungt þegar litið er til veikinda og fjarveru starfsfólks vegna vinnustyttingar og náms. Loka þurfti tvisvar á hverri deild skólans. Við erum bjartsýn og stefnum á betri veturnar í ár, þar sem börn og starfsfólk fái að njóta sín í leik og starfi. Við erum að breyta starfseminni á þann hátt að öll fastmótaðri og krefjandi vinna fer fram fyrri hluta dags en í lok dags verði meira um frjálsan leik og flæði. Slíkt er í takt við þroska og úthald barnanna. Við erum ávallt með þarfir þeirra að leiðarljósi sem og gildin okkar hér á Holti, gleði, virðing, sköpun og þekkingarleit. Við ætlum að leggja áherslu á að skapa umhyggjusamt skólasamfélag þar sem líðan allra sem þar starfa er í brennidepli og hafa í huga einkunnarorð Reykjanessbæjar sem eru virðing, eldmóður og framsækni.

Holt 40 ára

Þann 15. mars 2025 verða 40 ár frá því Holt hóf starfsemi og við ætlum sannarlega að halda upp á það. Fyrst ber að nefna samkeppni milli deilda um nýtt lógó skólans en skilafrestur er til 1. október 2024. Hver deild mun velja eina skráningu (uppeldisfræðileg skráning á ferli/verkefni barnanna) sem verður gefin út og eins mun afmælisrit skólans lita dagsins ljós. Við ætlum að gera ýmislegt fleira til að halda upp á þennan merka áfanga og munum auglysa það sérstaklega þegar nær dregur.

Megi komandi skólaár verða okkur lærdóms- og ánægjuríkt.



Holmfríður Jónsdóttir
Amadóttir hún

Skólastýra i Leikskólanum Holti

- 📞 420-3175 / 820-3140
✉️ holmfridur.j.arnadottir@leikskolinnholt.is
📍 Stapagata 10, 260 Reykjanessbær
🌐 www.leikskolinnholt.is/
https://www.leikskolinn-holt.net/

gleði · virðing · sköpun · þekkingarleit

Efnisyfirlit

Inngangur.....	3
Þema	3
Farsæld barna.....	3
Námsleiðin.....	3
Skólaárið 2023 -24.....	4
Holt 40 ára.....	4
1. Hlutverk og starfsemi.....	8
1.1 Lög og reglugerðir.....	8
1.2 Þjónustustig.....	8
1.3 Farsæld barna.....	8
1.4 Aðalnámskrá leikskóla.....	9
1.5 Helstu verkefni skólaársins	9
1.6 Hugmyndafræði Reggio Emilia.....	10
1.7 Skólanámskrá	10
1.8 Menntastefna.....	11
1.9 Barnasáttmáli	11
1.10 Heimsmarkmiðin.....	12
1.11 Gæðamarkmið	12
2. Leikskólinn Holt – Ýmsar upplýsingar	12
2.1 Gildi leikskólans.....	13
2.2 Gleði	13
2.3 Virðing	13
2.4 Sköpun.....	13
2.5 Þekkingarleit.....	13
3. Hlutverk leikskólans Holts.....	14

Starfsáætlun leikskólans Holts í Reykjanesbæ 2024 - 2025

3.1 Aðferðafræðin.....	14
3.2 Samvinna	14
4. Hagnýtar upplýsingar.....	14
4.1 Um leikskólann	14
4.2 Nemendur.....	15
4.3 Kynjahlutfall.....	16
4.4 Fjöldi barna við leikskólann.....	16
4.5 Foreldrar.....	17
4.6 Að byrja í leikskóla.....	17
4.7 Stoðþjónusta.....	18
4.8 Mannauður.....	18
4.8.1 Fundaskipulag.....	19
4.9 Starfsþróun og vellíðan.....	19
.....	20
5. Leikskólastarfið	20
5.1 Námsvið leikskólans	21
5.2 Læsi og samskipti	22
5.3 Heilbrigði og vellíðan.....	22
5.4 Sjálfbærni og vísindi	23
5.5 Sköpun og menning.....	23
5.6 Könnunaraðferðin.....	23
5.7 Tónlist.....	24
5.8 Leikurinn.....	24
6. Samstarf.....	25
6.1 Samstarf við foreldra og heimili barna.....	25
6.2 Samstarf við grunnskóla	26
6.3 Samstarf á alþjóðlegum vettvangi	26

Starfsáætlun leikskólans Holts í Reykjanessbæ 2024 - 2025

6.4 Samstarf við Fræðsluskrifstofu.....	26
7. Umbótaáætlun komandi árs	26
7.1 Jákvæðni, hvatning og viðhorf.....	26
7.2 Þróun leiksins sem námsleið ungra barna.....	27
7.3 Viðfangsefni vetrarins, leikgleði í gegn um sögur og söngva.....	27
7.4 Starfsáætlun og verklagsreglur.....	27
7.5 Að efla faglegt starf	27
7.6 Starfsánægja.....	27
8. Stefnu- og skorkort leikskólans Holts.....	28
8.2 Myndrænt skorkort.....	29
8.2.1 Skólasamfélagið.....	29
8.2.2 Starfshættir	29
8.2.3 Fjármál	30
8.2.4 Mannauður.....	30
9. Umsögn foreldraráðs.....	31
10. Fylgiskjöl.....	32
10.1 Símenntunaráætlun skólaárið 2024 – 2025	32
10.2 Verkferill sem sýnir fyrstu viðbrögð við slys í leikskólanum.....	33
11. Heimildir	33

1. Hlutverk og starfsemi

Leikskólinn er skilgreindur sem fyrsta skólastigið og leikskólaaldurinn er mikilvægur tími fyrir nám og þroska barna. Leikskólinn starfar samkvæmt lögum um leikskóla frá 2008. Starfsáætlun leikskólans Holts er ætlað að speglar þau gildi og viðmið sem starfið byggist á. Áætlunin á bæði að speglar þá hugmyndafræði sem liggar að baki starfinu og Aðalnámskrá leikskóla.

1.1 Lög og reglugerðir

Í leikskólum skal velferð og hagur barna hafður að leiðarljósi í öllu starfi. Veita skal börnum umönnun og menntun, búa þeim holtt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði. Stuðla skal að því að nám fari fram í leik og skapandi starfi þar sem börn njóta fjölbreyttra uppeldiskosta. Starfshættir leikskóla skulu mótað af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi, virðingu fyrir manngildi og kristinni arfleifð íslenskrar menningar.

[90/2008: Lög um leikskóla | Lög | Alþingi \(althingi.is\)](#)

1.2 Þjónustustig

Leikskólinn Holt er fyrir börn á aldrinum tveggja til sex ára.

1.3 Farsæld barna

Þann 1. janúar 2022 tók í gildi ný löggjöf um samþættingu um þjónustu í þágu barna eða svokölluðu farsældarlög.


Farsæld barna felur í sér að tryggja aðstæður sem skapa barni skilyrði til að ná líkamlegum, sálrænum, vitsmunalegum, síðferðilegum og félagslegum þroska og heilsu á eigin forsendum til framtíðar samkvæmt nýri löggjöf um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Meginmarkmið laganna er að börn og foreldrar sem á þurfa að halda hafi aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana. Samþætt þjónusta sem hefur það að markmiði að stuðla að farsæld barns og er veitt af þeim þjónustuveitendum sem eru best til þess fallnir að mæta þörfum barns hverju sinni.

www.farsaeldbarna.is Foreldrar og börn í Reykjanessbæ hafa aðgang að tengilið í leik- og grunnskólamótum sveitarfélagsins.

Tengiliður í leikskólanum Holti er:
Ingibjörg Guðmundsdóttir sérkennslustjóri Ingibjorg.gudmundsdottir@leikskolinnholt.is

Tengiliður hefur hagsmuni barns að leiðarljósi í samstarfi og samráði við foreldra og barn.

Hlutverk tengiliðar er:



Starfsáætlun leikskólans Holts í Reykjanessbæ 2024 - 2025

- Veita upplýsingar um þjónustu í þágu farsældar barns.
 - Aðstoða við að tryggja aðgang að frummati á þörfum barns.
 - Skipuleggja og fylgja eftir samþættingu fyrsta stigs þjónustu í þágu farsældar barns.
 - Koma upplýsingum til sveitarfélags um þörf fyrir tilnefningu málstjóra þjónustu í þágu farsældar barns. Taka þátt í stuðningsteymi eftir því sem við á.
-
- Á fyrsta stigi er grunnþjónusta sem er aðgengileg öllum börnum og áhersla lögð á snemmtækan stuðning á markvissan hátt.
 - Á öðru stigi er veittur einstaklingsbundinn og markvissari stuðningur í samræmi við faglegt mat og/eða frumgreiningu á þörfum barns á grundvelli stuðningsáætlunar.
 - Á þriðja stigi er veittur einstaklingsbundinn og sérhæfðari stuðningur í samræmi við sérhæft og ítarlegt mat og/eða greiningu á þörfum barns á grundvelli stuðningsáætlunar.
 - Nýr vefur um farsæld barna í Reykjanessbæ leit dagsins ljós viðburðinum á fögnum farsældinni sem haldin var 18. Október 2023 Farsæld barna | Upplýsingavefur sveitarfélagsins Reykjanessbæjar (reykjanessbaer.is) . Þar eru upplýsingar almennt um samþættingu í þágu farsældar barna.

1.4 Aðalnámskrá leikskóla

Breytingarnar á aðalnámskrá leikskóla skýra nánar hlutverk leiksins sem námsleið leikskólans og hvernig meta megi með reglubundnum hætti, og með virkri þátttöku barna, viðhorf, líðan og stöðu þeirra. Breytingar tóku gildi 1. september 2023.

Umfjöllun um eftirlalin atriði er að finna í breytri námskrá:

- Sjálfsprottinn leik barna og hann skilgreindur.
- Yngstu börnin í leikskólum.
- Áhrifamátt barna og trú þeirra á eigin getu (valdefling).
- Jöfnun félags- og menningarlegra aðstæðna barna (inngildi).
- Mikilvægi þess að tilheyra leikskólasamfélaginu (fullgildi).
- Skapandi leikskólastarf með opið og sveigjanlegt skipulag þar sem fjölbreyttar náms aðferðir og leikur barna eru í forgrunni.
- Hlutverk og ábyrgð leikskólakennara og starfsfólks.
- Mat á námi barna í gegnum leik sem er meginámsleið barna.

Áætlað er að breytingarnar á aðalnámskrá verði að fullu innleiddar í leikskólum landsins 1. ágúst 2024 og er það mat okkar hér á Holti að við höfum að fullu innleitt þessar breytingar.

1.5 Helstu verkefni skólaársins

Markmið starfsmannahópsins í veturn er að byggja upp öflugt lærðómssamfélag og jákvæðan skólabrag sem einkennist af umhyggjusömu samfélagi þar sem öllum líður vel og gleði ríkir. Við sem hér störfum gerum okkur grein fyrir því að góður andi er ekki sjálfgefinn og þarfnað samvinnu og forgangsröðun enda starfsfólk leikskóla ómissandi þegar kemur að umönnun og menntun barna. Starfsumhverfi þar sem borin er virðing fyrir samstarfsfólk og við hlustum og virðum hvert annað er grundvöllur að jákvæðum starfsanda og vellíðan á vinnustað. Starfsfólk Holts er metnaðarfullt og áhugasamt um að vinna að heilindum og gleði börnum,

Starfsáætlun leikskólans Holts í Reykjanessbæ 2024 - 2025

foreldrum og skóla sínum til heilla. Góð viðvera og samstaða starfsmannahópsins skiptir líka miklu máli í að viðhalda góðri skólamenningu. Starfsmannahópurinn vann starfsmannasáttmála á fyrsta starfsdegi byggðum á þeim þremur hugtökum sem hverjum og einum fannst mikilvægt þegar kemur að samstarfi. Nánar má lesa um útfærslu á verkefnum vetrarins í 5. Kafla og þar er sáttmálinn einnig.

1.6 Hugmyndafræði Reggio Emilia

Hugmyndafræði Reggio Emilia er notuð við listræna sköpun og er rauði þráðurinn í öllu okkar starfi. Í sköpun felst ýmislegt eins og að upplifa liti, form, tónlist, hreyfingu og takt. Auk þess að öðlast innsæi og skilning á öllu því sem unnið er með. Viðhorf okkar til barnanna einkennist af trú okkar á sérhvert barn sem getumkinn einstakling. Við höfum trú á hæfileikum barnanna og vilja þeirra til að læra. Hlutverk okkar er að nýta okkur forvitni barnanna, vera þáttakendur í samvinnu við þau og stuðningur þeirra og fyrirmyn dir. Við uppgötum, rannsökum, sprjum spurninga og leitum að lausnum saman. Þegar börn eru að kanna umheiminn nota þau öll skilningarvit og hreyfifærni. Við gerum þeim kleift að vinna úr og fá útrás fyrir upplifanir og reynslu. Með því að vinna að fjölbreyttri sköpun ættu öll börnin, burtséð frá aldri, þroska og persónuleika, fundið leið til að tjá sig á sínum forsendum. Aðferðir og vinnulag okkar eru í stöðugri þróun þar sem þarfir og áhugi barnanna er í fyrirru miðum. Í menntastefnu Reykjanessbæjar segir að með því að veita börnum tækifæri til sköpunar sem byggir á forvitni, ímyndunarafla, áhuga, lit og leik öðlist þau aukna sjálfsþekkingu.



SKÓPUNARGLEDI

1.7 Skólanámskrá

Skólanámskrá Holts var endurskoðuð af starfsfólk á vordögum og hefur verið send til foreldraráðs til umfjöllunar. Ákvæðið var að gefa hana út rafrænt á formi heimasiðu og tengja þar við fleira áhugavert tengt leikskólastarfinu á Holti. Ný menntastefna Reykjanessbæjar „Með opnum hug og gleði í hjarta“ var höfð til hliðsjónar en stefnan byggir á þremur leiðarljósum; börnin mikilvægust, kraftur fjölbreytileikans og faglegt menntasamfélag, sem eiga að einkenna allt starf með börnum og ungmennum í sveitarféluginu. Þau varða leiðina að farsæld barna þar sem öll þau sem koma að menntun og uppeldi eru mikilvægir þáttakendur. Menntastefnan tekur mið af grunnstefnu sveitarfélagsins sem ber heitið í krafti fjölbreytileikans og stefnuáherslu hennar Börnin mikilvægust. Barnasáttmáli og heimsmarkmið Sam einuðu þjóðanna fléttast inn í námskrána sem og áherslur Heilsueflandi samfélags. Þá stefnir skólinn að fá aftur Grænfánann og eins að vera UNESCO skóli þar sem við búum á Reykjaness jarðvangi (Reykjaness Geopark) og nýverið var blásið til samstarfs menntastofnanna um verk efnið UNESCO skólar. Áherslur beggja verkefna ríma afar vel við stefnu skólans hvað varðar umhverfið sem þriðja kennarann og áherslu hugmyndafræði Reggio Emilia á umhverfi og náttúru og hvernig við sem samfélag getum lagt okkar að mörkum til að skapa betri heim með sjálfbærni og velliðan allra að leiðarljósi.

Grunnþáttum menntunar er ætlað að endurspeglast í skólanámskránni. Í leikskólum ber að fléttu áherslur þeirra inn í daglegt starf, leik og nám barna þannig að það taki mið af barninu sjálflu, þroska þess og getu.

Commented [KT1]: Vorum við ekki með hann enþá?

Starfsáætlun leikskólans Holts í Reykjanessbæ 2024 - 2025

Námsvið leikskóla eru; læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vínsindi, sköpun og menning, og gildi Holts eru gleði, virðing, sköpun og þekkingarleit allt fléttast þetta saman í einni öflugri námskrá þar sem börnin eru miðdepillinn. Við ætlum að halda áfram að leggja áherslu á að vinna og efla námsvið leikskólans með gildin að leiðarljósi og með því að starfa í anda Reggio Emilia og í gegnum leikinn. Í leikskólanum höfum við jafnframt unnið að hinum mismunandi verkefnum sem við teljum geta stutt við vinnu okkar og nýtt sem verkfæri til að vinna að námsviðum leikskólans.



1.8 Menntastefna

Menntastefnu Reykjanessbæjar, *Með opnum hug og gleði í hjarta, 2021 – 2030* er ætlað að veita leiðsögn og innblástur öllum þeim sem koma að starfi með börnum og ungmennum í sveitarféluginu. Stefnan byggir á þremur leiðarljósum sem eiga að einkenna allt starf með börnum og ungmennum í sveitarféluginu. Hér að neðan má sjá menntastefnuna í skjalformi og myndbandsformi.



https://www.reykjanessbaer.is/static/files/pdf_umsoknir/fraedslu-svid/Stefnur/menntastefna_rnb_2020-2030.pdf
<https://www.youtube.com/watch?v=1za7GOlonbc>

1.9 Barnasáttmáli

Reykjanessbær hefur lagt upp í þá vegferð að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Verkefnið nefnist barnvænt sveitarfélug og er á frumstigi. Stofnaður hefur verið stýrihópur utan um verkefnið og að innleiðingu lokinni getur Reykjanessbær sótt um viðurkenningu frá UNICEF á Íslandi. Það er mikið ánægjuefni fyrir Reykjanessbær að ferlið sé farið af stað þar sem


Starfsáætlun leikskólans Holts í Reykjanessbæ 2024 - 2025

innleiðingin er mikilvægur áfangi í því ferli að gera Reykjanessbæ að skilgreindu barnvænu sveitarfélagi samkvæmt viðmiðum UNICEF.

Verkefnið barnvænt sveitarfélag er ferli sem tekur tvö ár og að innleiðingu lokinni hefst nýtt tveggja ára ferli með nýjum markmiðum og nýrra aðgerðaáætlun. Vinnan leiðir til þess að til verður heildstætt gagnasafn um stöðu barna í sveitarfélagini og mun aðgerðaáætlun ávallt byggja á þeim. Þannig verður sifellt rýnt í niðurstöður nýrra rannsókna, breytingar í samfélaginu og tryggt að það verði haft að leiðarljósi sem er börnum fyrir bestu (Reykjanessbær, 2020).

1.10 Heimsmarkmiðin

„Í krafti fjölbreytileikans“ er vísus í mikilvægi þess að virkja þann fjölbreytta mannaúð sem myndar ört stækkandi samfélag bæjarins. Í stefnuáherslum Reykjanessbæjar, þar sem allar stefnuáherslur eru hver með sinn lit, er Reykjanessbær fjölskylduvænn bær sem þroskar og nærir hæfileika allra í gegnum öflugt skóla-, fþróttar- og menningarstarf. Íbúar sinna fjölbreyttum störfum í vistvænu fjölmenningsamfélagi sem einkennist af virðingu, eldmóði og framsækni.



1.11 Gæðamarkmið

Við mat og gæðamarkmiðum leik-skóla eru ýmsar leiðir notaðar til að tryggja faglegt menntasamfélag. Árlega vinnur Maskína könnun fyrir Reykjanessbæ. Markmið hennar er að kanna viðhorf og líðan starfsmanna í þeim tilgangi að gera Reykjanessbæ að enn betri vinnustað. Niðurstöður gera stjórnendum og starfsfólk kleift að beina úrbótum þangað sem þörf er á. Einnig eru starfsmanna- og foreldra-kannanir á vegum Skólapúlsins ásamt faglegum skipulagsdögum leikskólans þar sem farið er yfir stefnur og strauma og starfið metið. Einnig eru lagðar ýmsar afterlisathuganir fyrir nemendur sem farið er yfir í foreldraviðtölum. Má meðal annars nefna mál- og hljóðkerfisvit- und er athuguð með Hljóm-2 hjá elsta árgangi. Einnig er notast við EFI-2 OG TRAS. Er það liður að finna vísbendingar um þá nemendur sem þarfust snemmtækrar íhlutunar.

2. Leikskólinn Holt – Ýmsar upplýsingar

Hér gefst tækifæri á að sjá hlutverk, framtíðarsýn og gildi leikskólans og Reykjanessbæjar sem lýsa starfháttum, þjónustu og vinnubrögðum starfsmanna.

Starfsáætlun leikskólans Holts í Reykjanesbæ 2024 - 2025

2.1 Gildi leikskólans

Virðing og þekkingarleit eru tvö af fjórum gildum leikskólans þar sem áhersla er á að virðing sé borin fyrir hverjum einstakling, skoðunum hans og þess gætt að fjölbreytileiki einstaklinga auðgi starfið og öll eiga möguleika á að taka þátt í að móta umhverfi sitt og hafa áhrif með eldmóð að leiðarljósi. Eldmóður og framsækni er sannarlega til staðar í starfsmannahópnum og í faglegu starfinu og tengjast vissulega hinum tveimur gildum skólans sem eru sköpun og gleði.



læra. Í gegnum leik og félagsleg samskipti þar sem áhugi, gleði og ímyndunarafl endurspeglast í andrúmsloftinu og umhverfið er nýtt sem þriðji kennarinn.

2.3 Virðing

Í okkar starfi er virðing borin fyrir hverju barni, áhuga, getu og skoðunum þess. Fjölbreytileiki auðgar starfið og öll eiga möguleika á að taka þátt í að móta og hafa áhrif á eigin þroska. Sameiginlegum markmiðum og reglum er fylgt eftir og öll berum við sameiginlega ábyrgð þegar kemur að starfinu í skólanum. Við berum virðingu fyrir upplifun og tilfinningum einstaklinga, að öll börnin fái að vera eins og þau eru.

2.4 Sköpun

Við leggjum áherslu á örвandi umhverfi þar sem börnin fá tækifæri til að kanna, skapa og leita svara. Í jákvæðu andrúmslofti þar sem hugmyndir og aðferðir eru hvorki réttar eða rangar, þar sem forvitni og ímyndunarafl allra barnanna fær að njóta sín. Við leggjum þannig áherslu á ferlið frekar en útkomuna, á ígrundun barnanna, á gagnrýna hugsun og opnar spurningar. Við styðjum þannig við börnin en tökum ekki fram fyrir hendur þeirra eða gerum fyrir þau.

2.5 Þekkingarleit

Í starfi okkar vinna börnin saman að þekkingarleit og það er gert í gegnum leikinn, með því að rannsaka, skapa og íhuga þar skiptir ferlið öllu máli. Við hlúum að og nýtum okkur reynslu annarra og öðlumst um leið nýja þekkingu. Í leiknum prófa börnin hugmyndir, herma eftir, útfæra, nýta ímyndunaraflíð og reynslu til að læra nýja hluti. Börnin læra hvert af öðru, kennurum og umhverfinu.

2.2 Gleði

Gleði ásamt öryggi er forsenda þess að börnin læri. Auðveldast er að meðtaka þekkingu þegar umhverfið er jákvætt og uppbyggjandi og ýti undir löngun barnsins til að leika og

3. Hlutverk leikskólans Holts

Hlutverk leikskólans Holts er að veita börnum umönnun og menntun, búa þeim hollt uppeldis-umhverfi og þroskandi leiksskilyrði sem stuðla að öryggi þeirra og vellíðan. Leikskólinn leggur áherslu á að efla alhliða þroska barna í náinni samvinnu við foreldra.

3.1 Aðferðafræðin

Í Reggio Emilia er markvisst unnið með myndformið í þekkingarleit og sem tjáningarform. Sköpunarferlið er leið að ákveðnu marki en ekki markmið í sjálfu sér. Atferlið að skapa er tjáningarform alls milli himins og jarðar. Mikilvægast er að skoða ferli sköpunarinnar en ekki einungis afurðina. Hvað gerist á meðan á sköpuninni stendur? Hvernig nálgast barnið efnið og hvernig þróar það hugmyndir sínar? Það er mikilvægt fyrir áframhaldandi þróun að geta gripið andartakið í ferlinu. Reynt er að viðhalda og örva forvitni barnanna og mikil áhersla er lögð á sjónskyn ásamt beitingu annarra skynfæra. Í Reggio er litið svo á að sjónþjálfun leiði til lifandi og skapandi hugsunar. Hinn fullorðni gegnir siðferðislegri skyldu gagnvart barninu í uppeldinu. Skyldu til að miðla menningu og stuðla að auknum þroska barnsins. Það má þó ekki eingöngu gerast þannig að hinn fullorðni miðli sifellt til barnsins eins og hann viti allt betur og þannig yfirgnæfi hugmyndir barnanna og upplifanir. Í Reggio Emilia er litið á menntun út frá samfélagslegri virkni og miðlun menningar sem á sér stað þegar börn og fullorðnir skoða viðfangsefnið í sameiningu með því að íhuga rannsaka og ræða saman.

3.2 Samvinna

Við leggjum áherslu á að eiga jákvæð og góð samskipti við foreldra. Markmiðið er að hlúa að hverjum einstaklingi í samvinnu við heimilin. Foreldrar eru ávallt velkomnir í leikskólan til skrufs og ráðgerða og til að taka þátt í leikskólastarfinu. Við byggjum á því viðhorfi til barnsins að hinn fullorðni beri virðingu fyrir barninu og líti á það sem sterkan einstakling sem hefur mikið fram að færa.

4. Hagnýtar upplýsingar

4.1 Um leikskólann

Í leikskólanum Holti eru sex (6) deildir. Þær heita Laut, Lundur, Hlíð, Kot, Þúfa og Mói. Auk þessa eru sex smiðjur í skólanum; vísindasmiðja, listasmiðja, sögusmiðja, undrasmiðja, kubbasmiðja og Mosi sem er alhliða smiðja fyrir yngstu börnin í Móa og Þúfu. Þá er laus kennslustofa sem hýsir starfsmannaðstöðu. Frekari upplýsingar um skólann s.s. gjaldskrá, opnunartíma, inntöku barna, læsisstefnu, menntastefnu Reykjanessbæjar, *Með opnum hug og gleði í hjarta*, og hugmyndafræði leikskólans má sjá á heimasiðu leikskólans <http://www.leikskolininholt.is/> [Um Holt \(leikskolininholt.net\)](http://leikskolininholt.net) og á vef Reykjanessbæjar <https://www.reykjanessbaer.is/>

Starfsáætlun leikskólans Holts í Reykjanesbæ 2024 - 2025

Þúfa	Mói	Laut	Lundur	Hlíð	Kot
Lára (opnar)	Víktoríá (opnar)	Hrefna (opnar)	Gauja	Sírrý	Kara
Dagný	Aldís	Gunnhildur (lokar)	Freyja	Deimante (lokar)	Berglind D. (lokar)
Eva Björög (lokar)	Anita (lokar)	Ingibjörg H (opnar)	Guðrún	Ingibjörg	Harpa (opnar)
Gunna (lokar)	Björn Bogi	Þórunn	Linda (opnar)	Sigrún (lokar)	Lena
Kolbrún			Sigurlaug (lokar)	Tinna (opnar)	Siggi (lokar)

Afleysingar:

NN 08:00- 16:00 alla daga

Ásdís 08:30 – 16:00 mán og mið, 08:30:00 – 12:30 fös

Helga 08:00 – 16:00 mán og 08:00 - 14:00 mið

Lilja 13:00 – 16:15 fim og fös

Hjörvar Hugi 13:10 – 16:15 þri og fim, 14:00 – 16:15 á fös

Pórhlíður Erna 13:00 – 16:00 mán, þri og mið


Ella 08:00 – 12:00

Imba 08:00 – 12:15 (frá annan hvern fóstudag)

Hólmfriður 08:00 – 16:00


Systa 08:00 – 16:00

4.2 Nemendur



Starfsáætlun leikskólans Holts í Reykjanesbæ 2024 - 2025

Að vanda erum við með glæsilegan barnahóp, fullan af orku og athafnagleði, sem taka öllu með opnum hug og forvitni. Hér að neðan má sjá skiptingu árganga, fjölda barna af erlendum uppruna barna (9 börn) og barna með stoðþarfir (9 börn).



4.3 Kynjahlutfall


Stúlkur eru fimmtíu (50) eða 48% og drengir eru fimmtíu og fjórir (54) eða 52%.

4.4 Fjöldi barna við leikskólann

Fjöldi barna við leikskólann eru 104 börn.

42% barnanna eru með rúmlega heildagsvistun eða 8,5 tíma, 19% eru með korter umfram átta tímana 47% barnanna eru með heildagsvistun í 8 tíma. Önnur börn eru með 6 til 7 tíma vistun eða 1 til 4 %. Fyllt er í öll pláss um leið og losnar. Eins og sést á mynd tvö (2) eru 41 barn í árgangi 2020 komin með leikskólapláss.

Starfsáætlun leikskólans Holts í Reykjanesbæ 2024 - 2025



4.5 Foreldrar

Markmið skólans er að stuðla að jákvæðum og upplýsandi samskiptum við foreldra ásamt því að hvetja þá til þátttöku í starfinu. Lögð er áhersla á að leggja strax í upphafi góðan grunn að jákvæðu og uppybyggjandi samstarfi þar sem umhyggja og velferð barnsins er höfð að leiðarljósi. Upplýsingaflæði fer fram í daglegum samskiptum, með tölvupóstí, Völu smáforriti, fésbókar- og heimasíðu skólans. Nýjum foreldrum er boðið á kynningarfund, þar sem stefna og starfshættir skólans er kynnt í máli og myndum og síðar á einkafund með deildarstjóra. Tvö foreldraviðtöl eru í boði á skólaárinu, þar sem farið er yfir líðan, nám og þroska barnsins. Foreldrum með annað móðurmál en íslensku er boðið upp á aðstoð túlks í viðtöllum ef þurfa þykir. Foreldraviðtöl er að hausti og að vori. Kosið er í stjórn foreldrafélags og foreldraráð á haustfundi.

4.6 Að byrja í leikskóla

Í aðlögun er lagður grunnurinn að góðu samstarfi og vellíðan barns í leikskóla. Að byrja í leikskóla er ný reynsla fyrir barnið og foreldra þess. Allt er framandi og ókunnugt og því er mikilvægt að vel sé staðið að aðlögun í upphafi. Hverníg til tekst í byrjun getur haft áhrif á alla leikskólagöngu barnsins. Á meðan á aðlöguninni stendur er mikilvægt að foreldrar kynnist starfsfólkí deildarinnar og því starfi sem fram fer í leikskólanum. Með því er lagður góður grunnur að framtíðinni. Leikskólinn er samfélag þar sem fullorðnir og börn byggja upp bekkingu saman, staður námstækifæra. Barnið tekur virkan þátt í að móta umhverfi sitt og bekkingu. Í þeim anda er þátttöku aðlögun. Hún byggist á því að ekki sé verið að venja barnið við að vera skilið eftir í leikskólanum, heldur sé það að læra að vera í nýjum aðstæðum. Aðlögunin byggir á fullri þátttöku foreldranna í starfi leikskólans þá daga sem hún á sér stað

Framkvæmd

Starfsáætlun leikskólans Holts í Reykjanessbæ 2024 - 2025


Dagur 1.	Barn og foreldri mæta klukkan 9:00 og eru til klukkan 12:00 í skólanum. Deildin og leikskólinn skoðaður sem og útisvæðið.
Dagur 2.	Barn og foreldri mæta klukkan 09:00-15:00. Foreldri er með barninu allan tímann.
Dagur 3.	Mæta klukkan 09:00-15:00. Foreldri er með barninu allan tímann.
Dagur 4:	Foreldrar kveðja barnið fljótlega eftir að komið er í leikskólann og barnið er sótt í fyrra lagi.

Þátttökuaðlögun byggist m.a. á þeirri trú að foreldrar smiti eigin öryggiskennd, forvitni og spennu yfir þessum nýju aðstæðum til barna sinna **Öruggir foreldrar = örugg börn** Með því að foreldrar séu fullir þátttakendur frá fyrsta degi öðlist þeir öryggi um dagskipulagið og það sem á sér stað í leikskólum, þeir sjái starfsfólk í verki. Þeir kynnast ekki bara starfsfólk heldur öðrum börnum, foreldrum og því sem á sér stað í leikskólum.

4.7 Stoðþjónusta

Ingibjörg Guðmundsdóttir, deildarstjóri stoðþjónustu heldur utan um öll börn sem þurfa á stuðningi að halda. Undir hennar leiðsögn starfa; Magdalena Bogadóttir sem er með BS gráðu í sálfræði, Sigrún Arnberg Kjartansdóttir, Guðrún Arndís Jóhannsdóttir, Guðrún María Sigurðardóttir, Ingibjörg Helga Grétarsdóttir og Berglind Dögg Wolff aðstoðarleikskólakennari. Stoðþjónusta felst aðallega í þjálfun einstaklinga s.s. mál- og talörvun, hegðunarmótun, félagsfærni og hreyfifærni ásamt viðtækum stuðningi við nám og kennslu einstaklinga sem þess þurfa og fer ýmist fram inni á deildum, með sérstökum æfingastundum eða í útiveru.


4.8 Mannauður



Starfsáætlun leikskólans Holts í Reykjanessbæ 2024 - 2025

J. Árnadóttur (Hófi) og Sigurbjartar Kristjánssdóttur (Systa) við stýrið. Þá mun Ingibjörg Guðmundsdóttir (Imba) halda áfram að leiða stoðþjónustu við börn með stuðningsþarfir og vinna áætlanir í samráði við deildarstjóra og stuðningfulltrúa deildanna, sem eru sex þetta árið (sjá ofar). Hún Elín Björk Einarsdóttir (Ella) mun leiða skapandi starf skólans og útfæra smiðjur og aðra listsköpun í samstarfi við annað starfsfólk og deildir skólans. Geirþrúður F. Bogadóttir mun halda áfram með tónlistarstundir á miðvikudögum í vetrur og við hlökkum mikið til að byrja. Þá mun Helga Fjeldsted sinna áfram afleysingum á mánu- og miðvikudögum, Ásdís Ó. Guðbjörnsdóttir mun koma inn í hálfa stöðu 1. september og Björn Bogi Guðnason kemur nýr inn í fulla afleysingastöðu. Auk beirra ætla Lilja Þorsteinsdóttir sem vann hjá okkur í sumar, Hjörvar Hugi Hannesson og Þórhildur Erna Arnardóttir að koma inn eftir hádegi nokkra daga í viku og léttu undir í lok dags. Með þessu vonumst við til þess að efla enn frekar starfsemina og fara margefld inn í veturinn. Margt spennandi er fram undan hjá okkur á komandi skólaári. Það eru átta starfsmenn sem stunda háskólanám þetta skólaár og þar af eru tveir á síðasta ári í mastersnámi í leikskólakennarafraðum við Háskóla Íslands. Af þessum hópi eru þrjár sem nýta sér námssamning Reykjanessbærjar þar sem krafist er fjarveru í staðlotum og á fjarfundum en hinum nái að sinna náminu meðfram vinnu og í vinnustyttingu og undirbúningi. Enn er langt í land með að jafna kynjahlutfall meðal starfsfólks en við erum þó með hærra hlutfall í ár en nokkru sinni fyrr.

Figur 1: Kynjahlutfall



4.8.1 Fundaskipulag

Á Holti eru deildarfundir aðra hverja viku þar sem deildarstjórar fara yfir verkefnin fram undan og stilla saman strengi deildarinnar. Nemendaverndarráð fundar mánaðarlega sem og stjórnendahópurinn allur. Þá eru starfsmannafundir á starfsdögum og samráðsfundir leikskólastjóra og deildarstjóra stoðþjónustu á tveggja vikna fresti. Teymisfundir vegna nemenda með stoðþarfir eru reglulega yfir skólaárið. Auk þess sækja stjórnendur ýmsa aðra fundi.

4.9 Starfsþróun og vellíðan

Við ætlum að leggja áherslu á að skapa umhyggjusamt skólasamfélag þar sem líðan allra sem þar starfa er í brennidepli og hafa í huga einkunnarorð Reykjanessbærjar sem eru virðing, eldmóður og framsækni. Á fyrsta starfsdegi skólaársins vann starfsfólk sáttmála sem horft verður til í vetrur. Hvert og eitt lagði til þrjá mikilvæga þætti til að skapa góða liðsheild og stuðla að góðum starfsanda og faglegri vinnustaðmenningu sem birtast í orðaskýinu hér að ofan.

Starfsþróunarsamtöl fara fram í janúar og febrúar 2025. Deildarstjórar taka viðtöl við sitt starfsfólk og kennara og leikskólastjóri tekur síðan viðtöl við deildarstjóra og annara stjórnenda við leikskólann í kjölfarið næstu daga á eftir.



5. Leikskólastarfið

Skólaárið 2024 – 2025 nýtum við okkur sem fyrr hugmyndafræði Reggio Emilia í vinnu með börnunum þar sem hún hentar sérstaklega vel til að koma til móts við áhugasvið barna, auka þekkingu þeirra á viðfangsefnum, efla félagsfærni og samvinnu. Við ætlum að þróa hópa-starfið og nýta umhverfið sem þriðja kennarann til að skapa börnunum möguleika og forsendum til að þróa hin 100 mál. Unnið verður líkt og áður með uppeldisfræðilegar skráningar þar sem verður rýnt í mismunandi þætti starfsins. Viðfangsefni vetrarins verður áfram leik-gleði í gegn um sögur og söng ásamt því að við stefnum á að fá Grænfánann aftur og að vera UNESCO skóli. Sem UNESCO skóli er unnið með heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbærni og Barnasáttmála SP í takt við einstakt umhverfi okkar hér í miðjunum UNESCO jarðvangi ([Reykjanes Geopark](#)) enda það í anda hugmyndafræði Reggio Emilia og starfsemi leikskólans.

Við ætlum einnig að líta til hugmyndafræði hægláts leikskólastarfs. Þar er lögð áhersla á að umhverfið í leikskólanum sé sveigjanlegt til þess að gefa börnum svigrúm til að sinna leik og skapandi starf án allra tímapressu. Hæglátt leikskólastarf gengur út á það að nám eigi sér stað þegar barn fær tækifær til þess að sökkva sér í viðfangsefni sem það telur vera áhugavert, sprýja spurninga og leita svara við þeim. Þegar nám á sér stað við slíkar aðstæður, kallast það hæg þekking (e. Slow knowledge) og snýr að samtali og samveru milli kennara og barna þar sem tíminn er ekki mældur í einingum heldur þeim tíma sem barnið þarf í námi sínu. Ef halddið er of fast í klukkan getur verið hætt á því að það geti haft neikvæð áhrif á tækifærri barna í leik (Clark, 2023). Hugmyndafræði Reggio Emilia hefur náð að skapa aðstæður sem tengja við hæga uppeldisfræði. Ein af grunnstoðum Reggio Emilia er forvitnin sem börn búa

Starfsáætlun leikskólans Holts í Reykjanessbæ 2024 - 2025

yfir. Þó kennarar sníði kennslufræðilegan ramma sem hentar aldri og þroska hvers og eins eru það börnin sjálf sem ráða ferðinni. Lögð er áhersla á að það eigi aldrei að koma í veg fyrir þá ánægju hjá barninu að rannsaka og spryja spurninga, hlutverk kennara er að vera til staðar og leiðbeina börnunum, ekki að leysa öll þau verkefni sem börnunum er falið heldur að vera þáttakendur í ferlinu með barninu (Clark, 2023). Í Reggio Emilia er enginn sérfræðingur heldur erum við öll nemendur og lærum stöðugt saman. Hugmyndafræði Reggio Emilia gengur út á það að virkja börnin í sinni þekkingarleit, með könnunaraðferðinni sem er sett upp með það í huga að kennarinn finnur kveikju að viðfangsefni sem ýtir undir áhuga barnanna, skapar tæki-færi til þess að koma þekkingu barnanna á framfæri í tenglum við viðfangsefnið hverju sinni og byggja ofan á hana. Lögð er áhersla á að börnin skipuleggi, deili og vinni saman, komi hugmyndum sínum á framfæri, beri ábyrgð og að svigrúm sé veitt til að vinna út frá eðlislægri forvitni barnanna (Coşkun og Durakoğlu, 2015).

Hér má líta á grófa mynd að helstu verkefnum skólaársins

Haust 2024	Vorönn 2025
Endurnýjun á stígvélagarðinum og hátið í tilefni Ljósanótt með ísdegi að beiðni barnanna á Móa.	Afmælishátið – Leikskólinn Holt verður 40 ára þann 15. mars 2025. Afmælisnefnd hefur verið skipuð og ýmislegt verður gert til að halda upp á afmælið.
Tónlist hefst í byrjun september – alla miðvikudaga.	Tónlist – alla miðvikudaga.
Örfraðsla (30 mín) hefst – þriðjudaga og fimmtudaga þegar kostur er.	Örfraðsla (30 mín) hefst – þriðjudaga og fimmtudaga þegar kostur er.
Leikgleði í gegn um sögur og söng	Leikgleði í gegn um sögur og söng
Grænfánaverkefnið (upprifjun og endurinnleiðing með Landvernd)	Grænfánaverkefnið (upprifjun og endurinnleiðing með Landvernd)
UNESCO innleiðing með ReykjanesGeopark	UNESCO innleiðing með ReykjanesGeopark
Samkeppni milli deilda (börn og starfsfólk) um nýtt lógó leikskólans í tilefni 40 ára afmælis. Skiladagur er 1. október.	Skráning frá hverri deild gefin út í tilefni afmælis Holts.

5.1 Námsvið leikskólans

Grunnþættir menntunar eru settir fram í aðalnámskrá til að leggja áherslu annars vegar á samfélagsleg markmið og hins vegar markmið sem varða menntun sérhvvers einstaklings. Grunnþættir eru leiðarljós í almennri menntun í leikskólum, grunnskólum og framhaldsskólum og eiga að birtast í skólabrag, gildum og viðhorfum. Þeim er ætlað að endurspeglast í öllu námi sem fer fram í skólum og ber leikskólum að fléttu áherslur þeirra inn í daglegt starf, leik og nám barna þannig að það taki mið af barninu sjálfu, þroska þess og getu. Þegar skólastarf er skipulagt þarf að hafa í huga hvernig uppeldisumhverfi barnanna er þannig að það örvi þau til dáða í þekkingarleit sinni og að fjölbreytileiki sé í verkefnavali þeirra. Starfsfólk er sterkasta aflíð í skólastarfinu og mikilvægt að allir séu meðvitaðir um að hjálpast að og vinna saman að velferð og menntun leikskólabarnanna.

Starfsáætlun leikskólans Holts í Reykjanesbæ 2024 - 2025

Grunnþættir menntunar eru:

- Læsi (talað mál og ritað, samræður, málörvun, læsi í umhverfi og samskipti).
- Sjálfbærni (umgengni, virðing fyrir umhverfinu, skilja samhengi hluta, bera ábyrð á eigin lífi og heilbrigði).
- Lýðræði og mannréttindi (tryggja jafnan rétt, hafa áhrif og val, rökræður/gagnrýni, taka afstöðu, virkni og þátttaka, félagsleg hæfni /umburðarlyndi /samkennd).
- Jafnrétti (allir fái að njóta sín, jafna aðstöðumun, viðfangsefni /nálgun strákar/stelpur).
- Heilbrigði og velferð (andleg og líkamleg heilsa barna, hvíld, næring, umhyggja, vel-liðan, hreinlæti, útivera, hreyfing, jákvæð sjálfsmynnd).
- Sköpun (listsköpun, prófa fjölbreyttan efnivið, fá útrás og prófa eitthvað nýtt, leikurinn, leikræn tjáning, söngur, tónlist, dans – samþætting námsgreina).

5.2 Læsi og samskipti

Við munum hafa að leiðarljósi handbók (námskrá) sem varð til 2015 – 2017, þegar leikskólinn vann að Erasmus+ verkefnið “Through democracy to literacy”. Í verkefninu var leitast eftir hvernig við getum unnið að læsi með lýðræðislegum áherslum. Í handbókinni koma fram helstu niðurstöður þeirra umræðna sem áttu sér stað þegar verið var að rýna í uppeldisfræðilegar skráningum út frá mismunandi stundum dagsins eins og í forstofu, í vettvangsferðum, á útisvæðinu, samverustundum, í matartínum, í leiknum inni og í hópastarfi. Einnig verður unnið áfram með þema síðasta vetrar sem var **leikgleði í gegn um sögur og söng**.

Á yngstu deildunum munu börnin sem byrja haustið 2024 fá bækurnar *Blæ* og *Græna köttinn* að gjöf til að geta unnið með heima og um leið tengt foreldra og heimilin betur inn í þá vinnu sem fram fer í skólanum. Í gegnum árin höfum við verið að þróa aðferðir til að efla læsi þar sem við tengjum aðferðir Reggio Emillia við bóklestur. Orðaspjall er eitt af verkfærunum þar sem áhersla er á að efla orðaforða og málkilning barna.

5.3 Heilbrigði og vellíðan

Rauður þráður í starfi ársins verður **virðing**, þar sem við munum nýta okkur rýnifundi og ræða um hvernig virðing birtist í uppeldisfræðilegum skráningum og hvernig við sem starfsfólk getum komið fram af virðingu við börn og samstarfsfólk í öllum aðstæðum.

Heilsueflandi leikskóli - Áherslupbættir vetrarins verða áfram á geðrækt, líðan og heilsu barna og starfsmanna. Reykjanæsbaer er þáttakandi hjá landlæknisembættinu sem heilsueflandi samfélag og Holt mun taka þátt í því verkefni. Við ætlum að fléttu heilsueflingu inn í okkar starf og tengja við einkunnarorð skólans sem eru;

GLEÐI - VIRÐING - SKÖPUN – ÞEKKINGARLEIT

Markmiðin eru:

- Að gildið **virðing** sé sýnilegt í samskiptum og starfi.
- Að við hlúum að umhverfi og aðbúnaði barnanna.

Starfsáætlun leikskólans Holts í Reykjanessbæ 2024 - 2025

- Að börnin læri að bera virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og efnivið og umhverfi.
- Að börn kynnist mismunandi áhugamálum, þörfum og sérkennum.
- Stuðlað verði að margs konar tækifærum til virðingar.
- Að umhverfi barna styðji við virðingu gagnvart börnum og starfsfólk.

Vináttuverkefni Barnaheilla - er það námsefni sem við á Holti nýtum okkur í vinnu með félagsfærni það er forvarnarverkefni gegn einelti fyrir leikskóla.

5.4 Sjálfbærni og vísindi

Grænfáninn – skólinn hefur mótað sér umhverfisstefnu og hefur það að markmiði að börn og starfsfólk læri að vernda og bera virðingu fyrir náttúrunni og umhverfinu til frambúðar.

Útisvæði – Að skapa náttúrulegt, umhverfisvænt og lærðómsríkt útisvæði og vinna með skapandi efnivið. Við höfum verið að þróa vinnu með skapandi efnivið á útisvæðið og munum halda því áfram og stefnum að því að á útisvæðinu verður opinn efniviður aðal námsefnið.

Útinám – náttúran og umhverfið var valið þennan vetur með það markmiði og leiðarljósi að leyfa nemendum að njóta útiveru og náttúrunnar í náminu og þannig erum við að ýta undir náttúruvitund.

5.5 Sköpun og menning

Dalur – Við ætlum að halda áfram að þróa smiðjurnar í leikskólanum þar sem við nýtum umhverfið sem uppsprettu til leiks, uppgötvunar og tjáningar. Þar má finna vísindasmiðju og listasmiðju með efnisveitu þar sem áhersla er lögð á upplifun. Börnin prófa sig áfram með ýmiskonar efnivið svo sem málningu, verðlausen efnivið og fleira. Þar er sögusmiðja, í því rými er að finna ljósaborð, tölву með tjaldi, handbrúður, búninga, hljóðfæri o.fl.. Rýmið býður m.a. uppá leik með tónlist, stafrænni tækni, ljósi og skugga. Í smiðjunum er jafnframt kubbasmíðja þar sem börnin hafa tækifæri til að hanna, skapa og leika með kubba í mismunandi formum og gerðum. <https://youtu.be/Raye5rdnmCg>

5.6 Könnunaraðferðin

Til eru mismunandi kennrarar og mismunandi kennsluaðferðir. Á einum enda skalans má finna verkefni sem kennarinn leggur fyrir, stjórnar og ákveður, en á hinum endanum má finna könnunaraðferðina. Við nýtum okkur Könnunaraðferðina hér á Holti.

Nokkrir þættir sem eru einkennandi fyrir könnunaraðferðina og við þurfum að hafa í huga:

- Óákveðinn tími er áætlaður fyrir verkefnið, nokkrar vikur eða jafnvel mánuðir.
- Efnisval tekur mið af áhuga barnanna.
- Framvinda vinnunnar tekur mið af áhuga barnanna. Skráningar og athuganir eru aðferðir sem notaðar eru til að meta áhuga þeirra og til að ákveða framhaldið.
- Vefgerð er notuð til að nálgast þá þekkingu sem fyrir er. Kennari skipuleggur við-vangsefnið til að auka þekkingu barnanna og bætir nýju námsefni inn í ferlið.
- Farið er í þekkingarleit þar sem leitað er svara við spurningum. Börnin hafa áhrif á ferlið og framkvæmdina.
- Nemendur, kennari og gestir með sérþekkingu geta komið með úrræði.

Starfsáætlun leikskólans Holts í Reykjanessbæ 2024 - 2025

- Vettvangsferðir eru mikilvægar til að afla sér þekkingar. Vettvangsferðir eiga sér oft stað snemma í ferlinu og eru jafnvel endurteknar.
- Viðfangsefnið hefur áhrif á umhverfi (t.d. leikskólastofa) og athafnir í leikskólanum. Viðfangsefni á að eiga hlutdeild í öllu viðfangsefni leikskólans t.d. í listasmiðju, einingakubbum, í tónlist o.fl.
- Með því að teikna, skrifa um, hanna eða byggja tileinkar barnið sér aukna þekkingu. Æfingar eru endurteknar til að sýna fram á aukna þekkingu og færni barnsins í vinnuferlinu.

5.7 Tónlist

Í vetrur verður áfram lögð áhersla á tónlist. Leikskólinn vinnur með tónlistaruppeldi og leitast verður við að fléttu tónlist í allt starf leikskólans. Geirþróður Bogadóttir tónlistarkennari hefur yfirumsjón með tónlistarstarfinu.

5.8 Leikurinn

Leikurinn er þungamiðja leikskólastarfsins og er börnum eðlislægur. Börnin leika sér af fúsum og frjásum vilja og nýta til þess eigin forsendur. Í bernsku felur leikurinn í sér nám og af leiknum sprettur ný þekking, ný tilfinning, nýjar athafnir og leikni. Í leik tjáir barn tilfinningar sínar og fær útrás fyrir þær. Sköpunarþörf og hugmyndaflug barnsins birtist í leikjum þess og í gegnum leikinn læra börn að skilja umhverfi sitt, tjá hugsanir sínar, reynslu og tilfinningar. Í leiknum læri barnið einnig félagslegar leikreglur sem eru forsendur þess að geta leikið við aðra. Leikurinn kallar á notkun tungumáls, hreyfingu, hugmyndaflug, áræðni, félagsleg samskipti og tilfinningatengsl. Hlutverk leikskólans er að styðja við nám barna í gegnum leik á sem fjölbreyttasta hátt, bæði úti og inni.

Yngri börnin leika meira hlið við hlið, prófa hluti með forvitni og hlutverk kennarans er að leiðbeina, leika með og aðstoða með samskipti og ágreining. Könnunarleikurinn er hluti af námsumhverfi yngstu barnanna en þar fá börnin að leika sér með óhefðbundinn efnivið eins og lykla, dósir, perlustar, flöskur svo eiththað sé nefnt. Markmið með könnunarleiknum er að gefa börnunum tækifæri til að auka reynslu sína og virkja áhugahvöt með efnivið sem hvetur þau til að skoða, prófa og kanna eiginleika þeirra. Eftir því sem börnin eldast breytist leikur þeirra, samskiptafærni og leikni þeirra eykst og hlutverk kennarans felst meira í að skipuleggja umhverfið, vera í nánd og fylgjast með leik barna.

Hlutverk leikskólakennara er að styðja við nám barna í gegnum leik á margvíslegan hátt, m.a. með því að:

- Skapa fjölbreytilegt leikumhverfi og veita aðgengi að leikfni sem hvetur börn til að rannsaka, finna lausnir og skapa.
- Gefa leik nægan og samfelldan tíma.
- Gefa leik nægjanlegt rými svo að börnin hafi svigrúm til að hreyfa sig og til að þróa leik og dýpka.
- Styðja við sjálfsprottnar athafnir og áhuga.
- Eiga samskipti við börn og mynda tengsl við þau í gegnum leik.

Starfsáætlun leikskólans Holts í Reykjanessbæ 2024 - 2025

- Vera vakandi fyrir þeim tækifærum sem upp koma í leik og nota þau til að kveikja á-huga barna og styðja við nám þeirra.
- Styðja við og efla jákvæð samskipti í leik.
- Sjá til þess að öll börn hafi tækifæri til þátttöku í leik úti og inni.

6. Samstarf

Við leggjum mikið upp úr samstarfi í starfi okkar á Holti, sú starfsaðferð sem við vinnum eftir þróast með samféluginu hverju sinni og þeim verkefnum sem unnið er að.

6.1 Samstarf við foreldra og heimili barna

Samkvæmt lögum er leikskólinn fyrsta skólastig barnsins. Foreldrar bera meginábyrgð á uppreldi barna sinna en leikskólanám er viðbót við það en á engan hátt ætlað að koma í stað þess. Dagleg samskipti og gott upplýsingastreymi eru mjög mikilvægir þættir til að stuðla að góðu samstarfi. Starfsfólk og foreldrar hafa sameiginleg markmið sem er vellíðan, þroski og nám barnsins.

Heimasíða leikskólans er vel nýtt til að miðla upplýsingum og fréttum af starfinu, einnig eru tölvupóstar sendir til að miðla upplýsingum og tilkynningartafla er við deildirnar þar sem upplýsingum er komið á framfæri til foreldra.

Við erum með facebooksíðu/læsta hópa til að efla upplýsingastreymíð enn frekar og í daglegum samskiptum í byrjun og lok dags. Lagt verður upp með að hafa upplýsingastreymi til foreldra aðgengilegt með myndrænum og skriflegum skráningum.

Upplýsingar til foreldra með annað tungumál en íslensku er komið á framfæri með aðstoð túlka ef á þarf að halda.

Leitast verður eftir því að foreldrar taki þátt í mati á skólastarfinu með því sem við köllum hringmat og gengur út á að börn, kennrar og foreldrar meti starfið.

Áhersla verður á jákvæð og góð samskipti milli heimilis og skóla líkt og áður. Foreldrum er boðið að koma í einstaklingssamtöl tvísvar yfir veturninn þar sem foreldrum gefst tækifæri á að spjalla, gefa upplýsingar og fá upplýsingar um barnið sitt. Á eldri deildum verður lögð sérstök áhersla á foreldrasamstarf varðandi viðfangsefni vetrarins og börnin fara heim með lítil verkefni til að vinna með foreldrum sínum. Áhersla verður á góð samskipti þegar börnin koma og fara.

Foreldrar eru ávallt velkomnir í leikskólann að vera með í starfi og fylgjast með börnum sínum. Einngi eru ákveðinir dagar sem foreldrum er sérstaklega boðið í leikskólann. Það eru t.d. foreldrafundir, jólamorgunstund þar sem við bjóðum foreldrum að koma og borða með okkur



Starfsáætlun leikskólans Holts í Reykjanessbæ 2024 - 2025

morgunverð og njóta samvista á aðventunni, sumarhátíð, sýning í vetrarlok og lokatónleikar elstu barna.

6.2 Samstarf við grunnskóla

„Skólaganga barna á að mynda samfellda heild þannig að reynsla og nám barna á fyrri skólastigum nýtist þeim á næsta skólastigi. Að ljúka leikskólanámi og byrja í grunnskóla felur í sér breytingar fyrir börn og fjölskyldur þeirra. Mikilvægt er að nám og uppedi í grunnskóla byggist á fyrri reynslu og námi barna til að skapa þeim öryggi og ný námstækifæri. Þannig þarf sú þekking og þau viðfangsefni, sem börnin voru að fást við í leikskólanum, að verða grunnur sem grunnskólanámið byggist á, jafnframt því sem þau fá tækifæri til að takast á við ögrandi verkefni og öðlast nýja reynslu“ (aðalnámskrá 2011). Gott samstarf hefur verið við okkar heimaskóla Akurskóla. Í september ár hvert hittast kennrar elstu barnanna, árgangastjóri og kennrar fyrsta bekkjar Akurskóla. Þær bera leikskólakennrar og grunnskólakennrar saman bækur sínar, ræða hvað þarf að leggja mesta áherslu á og hvernig samstarfinu verður háttáð þann veturinn. Elstu börnin fara í heimsókn í grunnskólann. Þessar heimsóknir eru til að auðvelda barninu þær breytingar er verða þegar það fer úr leikskóla í grunnskóla. Í Narfakotsseylu höfum við sameiginlegt útikennslusvæði með Akurskóla og leikskólanum Akri þar sem skólastigin hafa gott tækifæri til að vinna saman og tengjast. Börnin frá Holti fara í heimsókn og skoða Akurskóla, þau fara í smiðjur með 1. bekk, samvera er á degi íslenskrar tungu, jólasaga og piparkökur á bókasafni skólans á aðventunni og þrettándagleði.

6.3 Samstarf á alþjóðlegum vettvangi

Með þátttöku í UNESCO skólum sjáum við fram á að taka upp erlent samstarf á ný eftir hvíld.

6.4 Samstarf við Fræðsluskrifstofu

Leikskólinn Holt heyrir undir Menntasvið Reykjanessbæjar. Sviðsstjóri Menntasviðs er Helgi Arnarson. Leikskólaufulltrúi er Ingibjörg Bryndís Hilmarsdóttir, er hún okkar ráðgjafi. Einnig sækjum við þjónustu til skólapjónustu fræðslusviðs.

Í ráðgjafarteymi Holts eru:

Harpa Mjöll Magnúsdóttir, kennsluráðgjafi hjá Menntasviði Reykjanessbæjar
Hildigunnur Kristinsdóttir, talmeinafræðingur hjá Menntasviði Reykjanessbæjar
Ása Berglind Böðvarsdóttir, sálfraðingur hjá Menntasviði Reykjanessbæjar

7. Umbótaáætlun komandi árs

7.1 Jákvæðni, hvatning og viðhorf

- Leiðir til umbóta og lausnaleitar í daglegu starfi
- Rætt um skipulag í daglegu starfi alla morgna með deildarstjórum
- Starfsmannasáttmáli unninn
- Fyrirlestur um mikilvægi starfsfólks leikskóla og jákvætt viðhorf og þátttöku í öllu starfi skólans
- Örnámskeið fyrir allt starfsfólk til að efla faglegt starf
- Lagt af stað eftir erfiðan vetur með það að markmiði að efla jákvæðni, hvatningu og viðhorf.

Starfsáætlun leikskólans Holts í Reykjanesbæ 2024 - 2025

- Jafningjastuðningur aukinn
- Ný skólanámskrá gefin út, von um að aukin upplýsing verði til þess að viðhorf for-eldra verði jákvæðara

7.2 Þróun leiksins sem námsleið ungra barna

- Fræðsla, skipulag og umhverfi verði styðjandi.
- Skráningar á leik barna og tengt við aðalnámskrá og nýja handbók um leikinn.
- Rætt um mikilvægi leiksins í daglegu starfi.
- Rætt um leikinn og gildi hans á starfsmannafundum.
- Nýta smiðjurnar til að gefa börnunum tækifæri til að kanna og rannsaka og elta á-hugann sinn í samstarfi við deildarstjóra skapandi starfs.
- Leita nýrra leiða til að þróa og örva leikinn.

7.3 Viðfangsefni vetrarins, leikgleði í gegn um sögur og söngva

- Viðfangsefni deilda, rætt um leiðir og aðferðir á deildarfundum/starfsmannafundum.
- Markviss vinna í samverustundum.
- Áhugasvið barnanna nýtt til að auka þekkingu þeirra á viðfangsefninu.
- Rætt á deildarfundum.
- Hlustað á börnin hvar þeirra áhugi liggur.

7.4 Starfsáætlun og verklagsreglur

- Að allt starfsfólk lesi þessa starfsáætlun.
- Að allt starfsfólk lesi og kynni sér skólanámskrá á nýrri heimasíðu.
- Verklagsreglur ræddar og gerðar sýnilegar.
- Endurskoðun á dagskipulagi (teymi stofnað).
- Síðasti vetur var erfiður, vegna aðstæðna í samfélaginu og skipulag og verklag rið-laðist oft. Stefnt er á að bæta úr þessu á komandi starfsári.

7.5 Að efla faglegt starf

- Að efla samræður í leikskólanum milli starfsmanna um leikskólamál.
- Allt starfsfólk fari í undirbúning/fái undirbúning.
- Að hafa reglulega örnámskeið fyrir allt starfsfólk eða hluta þess.
- Að fara aftur í innleiðingu vegna Grænfánans.
- Að fara í innleiðingu á verkefninu UNESCO skólar í samtarfi í Reykjanes Geopark.

7.6 Starfsánægja

- Skemmtinefn fái gott svigrúm og skipuleggi viðburði reglulega.
- Stjórnendur fari saman á ráðstefnu (Útis í sept 2024)
- Vinnustyttingin útfærð á nýjan hátt.
- Hvatt til samtals og upplýsingar milli deilda. Fyrstu skrefin í flæði, hver gangur í samtarfi er kemur að skipulagi og starfi með börnunum.

Starfsáætlun leikskólans Holts í Reykjanessbæ 2024 - 2025

- Starfsánægja hefur aukist í vor. Fullmannað í allar stöður og nýju starfsfólk í finnst sérstaklega vel á móti þeim tekið og það er mikill hlátur og mikil gleði. Starfsandinn í húsinu er góður og stefnt að því að halda honum.

8. Stefnu- og skorkort leikskólans Holts

Stefnu- og skorkort sýnir á myndrænan hátt lykiláherslur í stefnu leikskólans. Áhersluþáttunum er skipt niður í fjóra þætti. Þeir eru skólasamfélagið, starfshættir, fjármál, og mannaður.

Metnaðarfullt námsumhverfi	Sjálfsörugg og glöð börn
Skólasamfélagið	
Ánægðir foreldrar	Þverfaglegt samstarf
Innra mat	Virk starfsáætlun
Starfshættir	
Virkt upplýsingastreymi	Samstarf og samábyrgð
Samábyrgð á nýtingu fjármuna	Ábyrg og gegnsæ áætlunargerð
Fjármál	
Auka kostnaðarvitund starfsfólks	Skráning á innkaupum til að auðvelda áætlunargerð
Styðjandi starfsumhverfi	Virk símenntun og starfsþróun
Mannauður	
Ánægðir starfsmenn	Víðsýni og velferð

8.2 Myndrænt skorkort

8.2.1 Skólasamfélagið

Hvernig veitum við börnum og foreldrum sem besta þjónustu?

Það gerum við með því að foreldrar treysti því að barn þeirra sé í traustu og öruggu umhverfi þar sem sýnd er hlýja og virðing	Veljum efnivið sem er skapandi og nemendur fái viðfangsefni sem hæfir þroska þeirra og getu	Tryggja að upplýsingar komist til þeirra er við á hverju sinni með því að nota fjölbreyttar aðferðir við upplýsingamiðlun
--	---	---

8.2.2 Starfshættir

Hvernig stuðlum við að metnaðarfullum og árangursríkum starfsháttum leikskólastarfsins?

Með því að sýnileg tengsl séu á milli skólanámskrár, skipulags og starfsháttar. Endurskoða og þróá námskrá leikskólans með reglubundnum hætti	Tryggja að tillit sé tekið til þroska, getu og áhuga barna í öllu starfi skólans og hlúð sé að alhliða þroska þeirra í gegn um leikinn og með stuðningi umhverfis	Starfshættir séu fjölbreyttir og taki mið af ólíkum þörfum nemenda
---	---	--

8.2.3 Fjármál

Hvernig tryggjum við ábyrga og gegnsæja nýtingu fjármagns?		
Skýr forgangsröðun	Með því að meta fjárbörf einstakra liða í rekstri leikskólans út frá stefnu hans og forgangsraða þeim	Með góðri nýtingu fjármuna, það gerum við með því að skoða verð og kostnað hverju sinni og sýna hagkvæmni í innkaupum og fara vel með það sem til er

8.2.4 Mannauður

Hvernig stuðlum við að samstarfi, starfsþróun og að starfsmenn séu ánægðir í starfi og líði vel?		
Með því að starfshópurinn komi að umræðum um skipulag og móturn starfs og öll taki þátt og leggi sitt af mörkum	Að nýta styrkleika hópsins og vinna að símenntunaráætlun út frá stefnu og mati á skólastarfi og hvetja starfsfólk til endurmenntunar	Menning skólans einkennist af samvinnu og uppbyggilegum samskiptum þar sem jákvæðni og gleði ríkir

9. Umsögn foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans.

Umsögn foreldraráðs:

Það er ánægjulegt hve hlutfallslega margir menntaðir kennarar eru á Holti miðað við á öllu landinu og gott að kartmenn séu starfandi við leikskólann. Þeir eru mjög mikilvægir sem fyrirmyndir barna okkar, og sýnir að það séu ekki einungis konur sem eru kennarar á Holti. Frábeir árangur að búað sé að manna allar stöður sem og afleysingafólk. Jákvaðt hve gott samtal, samstarf og upphýsingagjöf einkennir samband milli kennara, barna og foreldra. Það sést vel hversu gott samband börnin eiga við kennara. Það er afturtektarvert hversu mikil er gert á hverjum degi með bönumunum; mikil sköpun, hlustað á sögur, leiki og sungið. Það er mikilvægt að andinn á leikskólanum sé góður milli starfstólfks því það skilar sér til barnanna þegar starfþólkí lúður vel í vinnu (starfsmannasáttmáli). Við erum hrifin af þeiri uppeidisstefnu að þjáta bóm í að gera sjálft og bjarga sér sjálft eftir aldrí. Það er mjög gott að sjá að Holt leggur mikil upp úr skapandi leik, frumkvæði og sjálfstæði. Andrúmsloftið er jákvaðt og hvetur það til gleði, lærdóms, þekkingarleitar og sköpunar. Mikilvæg stefna á Holti að gefa leiknum / skapandi leik / sjálfstæðum leik, nægan tíma.

"Ef barni liður vel og það er öruggt þá er aitt annað plús". Þau grunngildi eru svo sannarlega til staðar á Holti og miklu meira til. Við erum mjög ánægð með að staðlað mat sé framkvæmt til að sjá hvernig börnin standa sig á ólikum svíðum miðað við aldur. Þá er flott að sjá hversu mikil er lagt upp úr að fylgja stöðluðum viðmiðum og stefnum. Það sýnir gæði leikskólans. Einnig er mikilvægt er að borin sé virðing fyrir barninu og því sé mætt á þeirra forsendum. Sérstaklega má nefna aðlögun nýrra barna og hversu einstaklega vel það er gent. Holtið / umhverfið er fallegt en þar mætti líka baeta við meiri gróðri / trjám.

Sjá kafla 8.2. myndrænt skorkort – sem okkur finnst mjög gott. Mikilvægt er að nýta áhugasvið og hæfni hvers kennara til að miðla sinu sérsvið. Þá eru örnmámskeið í leikskólanum mikilvægur þáttur í að auka og viðhalda þekkingu starfsmenna.

Reykjanesbær 14. janúar 2025

Bjarki H.
Ingibjörg K. Halldórsd.
Kristjana Margrét Snorradóttir

10. Fylgiskjöl

Hér að neðan má sjá myndrænt um helstu áherslur símenntunar um að efla starfsfólk í starfsaðferðum leikskólans, með því það að markmiði að auka þekkingu og hæfni starfsfólks sem skilar sér í faglegu starfi og aukinni starfsánægju og viðbragðsáætlun við fyrstu viðbrögð við slys í leikskólanum.

Skóladagatal leikskólans sem sjá má heimasíðu leikskólans www.leikskolininholt.is sýnir helstu viðburði skólaársins og skipulagsdaga.

10.1 Símenntunaráætlun skólaárið 2024 – 2025

Helstu áherslur símenntunar eru að efla starfsfólk í starfsaðferðum leikskólans, með því það að markmiði að auka þekkingu og hæfni starfsfólks sem skilar sér í faglegu starfi og aukinni starfsánægju.


Námskeið - Fyrirlestur	Markmið	Þátttakendur
Örnámskeið	Samverustundir – markmið og tilgangur.	Kennarar.
Örnámskeið	Matstofa. Farið yfir hugmyndafræði matstofu.	Kennarar.
Örnámskeið	Efniviður. Farið yfir opinn efnivið og mikilvægi hans.	Kennarar.
Námskeið – Ráðgjafar og greiningarstöð	Námskeið fyrir allt starfsfólk í Tákni með tali (TMT).	Kennarar og stjórnendur.
Örnámskeið	Farsældarlögin – okkar nálgun	Öll.
Ráðstefna	Utís online – ráðstefna um upplýsingatækni í skólastarfi.	Deildarstjórar og stjórnendur aðrir.
Skólaárið - örnámskeið	Málörvun með leikgleði í gegn um sögur og söngva.	Kennarar, stjórnendur, börn og foreldrar.
Skólaárið – rafrænt efni	Heimsmarkmiðin og Barnasáttmálinn – framhaldsvinna.	Kennarar, stjórnendur, börn og foreldrar.
Skólaárið	Endurinnleiðing Grænfána verk-efnis.	Kennarar, stjórnendur, börn og foreldrar.
Skólaárið	Innleiðing – UNESCO leikskóli.	Kennarar, stjórnendur, börn og foreldrar.

Starfsáætlun leikskólans Holts í Reykjanessbæ 2024 - 2025

Örnámskeið	Gefðu 10.	Kennarar.
Örnámskeið	Einingarkubbar – stærðfærði í leik-skóla.	Kennarar.
Örnámskeið	Stafræn tækní.	Kennarar.
Örnámskeið	Skráningar og Sway.	Kennarar.
Örnámskeið	Opnar spurningar og málþroski.	Kennarar.
Námskeið	CAT kassinn	Kennarar.
Örnámskeið	Teikningar barna	Kennarar.
Örnámskeið	Útinám - Narfakotsseyla	Kennarar.
Örnámskeið	Könnunaraðferðin	Kennarar.

10.2 Verkferill sem sýnir fyrstu viðbrögð við slys í leikskólanum

Viðbragðsáætlun ef slys ber að höndum



11. Heimildir

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011). Aðalnámskrá leikskóla. Sótt af [Aðalnámskrá leikskóla \(stjornarradid.is\)](http://www.ajalnamskrar.leikskola.is).

90/2008: Lög um leikskóla | Lög | Alþingi ([althingi.is](http://www.althingi.is))

Starfsáætlun leískólans Holts í Reykjanessbæ 2024 - 2025

<http://www.leiskolinholt.is/>

<https://www.reykjanessbaer.is/is>

[Menntastefna Reykjanessbæjar til 2030 | Upplýsingavefur sveitarfélagsins Reykjanessbæjar
\(reykjanessbaer.is\)](#)



REYKJANESBÆR
Í KRAFTI FJÖLBREYtileikans